Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

DESEMBER 2018

12. tbl. 21. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Jólamarkaður Tjarnarinnar

Börnin söfnuðu fyrir Unicef

Gleðin var í fyrirrúmi hjá ungu kynslóðinni á jólamarkaði Tjarnarinnar.

Frístundaheimili Tjarnarinnar gengust fyrir jólamarkaði til styrktar hjálparstarfi Unicef um liðna helgi. Börnin höfðu lagt hart að sér við að búa til ýmiss konar jólalegan varning sem þau seldu vinum og vandamönnum á jólamarkaði fjölskyldunnar. Einnig var opið kaffihús í Tjörninni þar sem íbúar hverfisins gátu sest niður og jólað sig í gang í góðum félagsskap vina og vandamanna á meðan þeir fundu hvernig hjartað stækkaði við það að leggja góðu málefni lið.

Allur ágóði af sölunni rann óskiptur til Unicef og fór í hjálparstarf fyrir börn sem búa við afar bágbornar aðstæður. Með því að koma og versla á jólamarkaðinum studdi fólk börnin í frístundaheimilum Tjarnarinnar við að leggja sitt af mörkum við að bæta lífskjör barna sem búa ekki við jafn góðar aðstæður og þau sjálf og hafa þannig áhrif til góðs. Börnin, sem eru ekki nema 6 til 9 ára, lögðu á sig heilmikla og óeigingjarna vinnu við að bæta líf annarra með markaðinum og eiga hrós skilið fyrir sitt framlag og að því megi veita eftirtekt á sem flestum sviðum.

Nýr jólamiði!
HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

Systrasamlagið
Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367
Erum á Óðinsgötu 1
Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-6
Viðtal við systurnar sem ólust upp í Verkamanna-bústöðunum

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þegar líða fer að jólum

fimmtudag - sunnudags
13.-16. desember á meðan birgðir endast

Helgartilboð 20% afsláttur
Úrbeinað Hólsfjallahangikjöt

Hreindýrakjöt, villigæsir, krónhjartarkjöt, confit, fasanar, dádýrakjöt, aliendur, aligæsir, Hólsfjalla, Húsavíkur, KEA og SS hangikjöt, kalkúnar, tvíreykt sauðahangikjöt, sænsk jólaskinka, Ali hamborgarhryggir, Ali andabringur skoskar rjúpur, villiendur, paté, nautalundir, Beef Wellington, Hornafjarðarhumar o.fl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum - Munið að panta tímanlega!

Melabúðin
Þín verslun
Hagamel 39 - Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
12. tbl. 21. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Er tímabært að endurvekja byggingarsamvinnufélögin?

Í þessu tölublaði Vesturbæjarblaðsins rifja þær systur Kristín og Ingveldur (Stella) Róbertsdætur upp sögu Verkamannabústaðanna við Hringbraut. Þær segja frá Byggingarsamvinnufélagi verkamanna og síðar alþýðu. Þær eru báðar aldar upp í Verkó og búa þar einnig í dag. Þekkja því söguna vel og kunna skil á umhverfinu fyrr og síðar.

Byggingarsamvinnufélag verkamanna er trúlega fyrsta byggingarsamvinnufélagið sem stofnað var til hér á landi. Þetta var gert á erfiðum tímum millistríðsáranna þegar Íslendingar höfðu fátt eitt á milli handa. Húsnæðisvandinn í vaxandi borginni var mikill og einnig brín nauðsyn til þess að ungt fólk gæti eignast þak yfir höfuðið.

Hugmyndir að baki Byggingarsamvinnufélagi verkamanna – síðar alþýðu voru einstakar á þeim tíma og mjög framfarasinnaðar. Fleiri byggingarsamvinnufélög fylgdu í kjölfarið. Þar eignaðist margt fólk húsnæði sem að öðrum kosti hefði tekið það mörg ár að eignast.

Nú hálfri öld síðar búa borgarbúar enn við verulegan húsnæðisvanda. Þótt margar ástæðu megi finna fyrir þeim vanda þá er ein þeirra sú að sá byggingarmáti sem byggingarsamvinnufélögin unnu eftir hefur lagst af. Í stað þess hafa húsbyggingar færst á hendur verktaka sem borgin og einnig önnur sveitarfélög úthluta byggingarlandi gegn ákveðnum gjaldkostum.

Þar gilda önnur lögmál en hjá byggingarsamvinnufélögunum. Þar gilda lögmál um hámarks hagnað hjá verktökunum. Sveitarfélög hafa einnig komið auga á að ýmis gjöld sem hægt er að leggja á húsbyggingar geta skilað þeim umtalsverðum tekjum.

Sveitarfélögin eiga stóran þátt í að skapa þann húsnæðisvanda sem nú er fyrir hendi. Þau úthluta byggingarlandi og velja byggingaraðila. Þau innheimta ýmis gjöld sem leggjast síðan beint á söluverð íbúða. Spurning er um hvort þau verða ekki að líta betur í eign barm eins og Reykjavíkurborg hefur verið að gera með nýjum áherslum og kynntar voru á fundi í Ráðhúsi borgarinnar fyrir skömmu. Spurnig er einnig um hvort tímabært sé að endurvekja byggingarsamvinnufélög í sambærilegri mynd og voru starfandi á liðinni öld.

Hótel og allt að 330 íbúðir á Héðinsreitum

Héðinsreitirnir eða svæðið vestan Héðinshússins hafa lengi verið til umræðu sem byggingarland og ýmsar hugmyndir komið fram um húsagerðir þar og útlit þeirra.

Líkur eru til að byggingaframkvæmdir muni hefjast á stærsta óbyggða svæðinu í Vesturbænum innan tíðar. Er þar um að ræða svonefnda Héðinsreiti vestan stórhýsis sem jafnan er kennt við Vélsmiðjuna Héðinn. Um tvo samliggjandi reiti er að ræða. Annar er við Seljaveg 2 þar sem Héðinshúsið sendur en hinn við Vesturgötu 64 og er óbyggður. Efri reiturinn við Seljaveg 2 er í eigu Seljavegar ehf. en Vesturgötureiturinn er í eigu Hróðurs ehf. Um tvo sjálfstæða eignarhluta er að ræða og engin tengsl eru milli félaganna Seljavegar ehf. og Hróðurs ehf. önnur en þau að lóðirnar á reitnum liggja saman.

Nú er unnið aðalskipulagningu þessa byggingasvæðis og er gert ráð fyrir að skipulagið fari til kynningar innan nokkurra vikna. Gert er ráð fyrir byggingu allt að 230 íbúða á öðrum reinum en um 100 íbúða á hinum auk þess sem hótelbyggingar eru fyrirhugaðar. Þegar hefur verið hafist handa við eina hótelbyggingu en Héðinshúsið verður hluti hennar. Gert er ráð fyrir að umtalsverður hluti íbúða á svæðinu verði á bilinu 80 til 90 fermetrar en endanlegar íbúðastærðir munu ekki liggja fyrir. Bílakjallari er fyrirhugaður undir byggingunum en þó munu bílastæði ekki fylgja öllum íbúðum.

Héðinsreitirnir eða svæðið vestan Héðinshússins hafa lengi verið til umræðu sem byggingarland og ýmsar hugmyndir komið fram um húsagerðir þar og útlit þeirra. Fyrir 15 árum leit fyrsta tillagan að byggingum dagsins ljós en þá var gert ráð fyrir þremur íbúðaturnum ásamt bílageymslu. Í turnunum var gert ráð fyrir um 160 íbúðum frá 60 fermetrum í 110 fermetra. Þessi tillaga hlaut ekki náð fyrir skipulagsyfirvöldum í Reykjavík einkum vegna hæðar þeirra en hámarks hæð bygginga átti ekki að fara yfir sjö hæðir. Eftir það var farið að huga að öðrum kostum og næsta hugmynd var að byggja 120 íbúðir fyrir eldri borgara ásamt 64 hjúkrunarrýmum og þjónusturými. Þessar hugmyndir voru samþykkar af skipulagsyfirvöldum í Reykjavík með nokkrum breytingum. Í byrjun ágúst 2008 var gefið leyfi fyrir jarðvinnu á byggingarreitnum. Ekkert varð þó af einu eða neinu því tveimur mánuðum síðar brast bankahrunið á og var verkefnið þá stöðvað og síðar hætt við það. Eftir það tóku við deilur um eignarhald á lóðum vestan Héðinshússins sem enduðu fyrir dómstólum. Framkvæmdir eru þegar hafnar við hótel á austari hluta reitsins en áform munu vera að hefja einnig byggingu á þeim hluta reitsins sem snýr að Ánanaustum.

BRAUD & CO

jólagjöfin í ár

MELHAGA 22

Verkamannabústaðirnir voru byggðir af mikilli framsýni og hafa elst vel

Systurnar Kristín og Ingveldur (Stella) Róbertsdætur eru aldar upp í Verkamannabústöðunum og búa þar báðar í dag. Kristín er formaður Húsfélags alþýðu. Foreldrar þeirra Ingveldur Einarsdóttir og Róbert F. Gestsson eignuðust íbúð í Verkó og fluttu með dætur sínar þrjár 1963 þegar þær voru þriggja, sjö og níu ára gamlar. Þær þekkja því báðar sögu húsanna og ekki síður mannlífið þar frá bernsku til fullorðinsára. Þær settust niður með Vesturbæjarblaðinu á dögunum og litu til baka.

„Við erum grónir Vesturbæingar. Fluttum hingað í byrjun árs 1963, þegar foreldrar okkar sóttu um að kaupa íbúð á Hringbraut 80. Tvær föðursystur okkar áttu einnig íbúðir í Verkamannabústöðunum en mis lengi. Á þeim tíma þurfti fólk að vera félagar í Byggingafélagi alþýðu til þess að fá íbúð og út-hlutunin byggðist á félagsnúmerum þannig að sá sem var með lægsta númerið fékk úthlutað. Þegar flutt var í fyrsta áfanga verkamannabústaðanna 1932 keyptu afi okkar og amma íbúð á Ásvallagötu 63 og þar býr Stella, segir Kristín“ „Áður en við fluttum á Hringbrautina áttum við heima í Smáíbúðahverfinu sem þá var nýlegt en faðir okkar kunni ekki við sig þar enda alinn upp hér í Verkó. Honum fannst hann kominn út í sveit þegar tók að nálgast Sogalækinn,“ segir Ingveldur (Stella).

Fyrstu hugmyndirnar þóttu ekki nógu hentugar

Þær systur rifja upp söguna að baki þessum íbúðabyggingum. Kristín tekur upp fundargerð aðalfundar í Byggingafélagi verkamanna frá 18. febrúar árið 1931. “Á þeim fundi sagði Héðinn Valdimarsson formaður félagsins frá starfi stjórnar á umliðnum tíma og frá stofnfundi. Hann sýndi teikningar sem lágu fyrir fundinum og áttu að gilda sem fyrirmyndaruppdrættir af hinum hugsuðu byggingum. Formaðurinn lagði sig mjög fram um að mæla með uppdrættinum og lýsa því á allan hátt hve heppilegar byggingar þetta mundu reynast. En fljótt heyrðist á fundarmönnum að þeir voru óánægðir og litu mjög á annan veg á það mál. Kristín Stefánsdóttir talaði nokkur orð og vítti mjög allan frágang á þessum teikningum og kvaðst ekki mundi kaupa slíkar íbúðir nema gerðar yrðu á þeim ýmsar breytingar, svo sem á eldhúsi sem væri of lítið, vaskhús vantaði og þurrkloft, sem væri þó ómissandi. Auðheyrt var að fundurinn var samþykkur þessu og flestum þar inni fundust að lítil þægindi væru þarna á boðstólum og margur hugsaði til þess að lítt hafi nefndinni tekist á þessu sviði. Ef ekki væri annað að bjóða en raun bar vitni. Þá talaði Erlendur Vilhjálmsson skörulega og mælti á þá leið að þetta væru óhæfar teikningar. Þótt þær væru snotrar á að líta væri óhugsandi að nokkur vildi eiga þau hús sem byggð væru eftir þeim. Hann sagði enn fremur að þeir feðgar myndu alls ekki nota þær. Umræðum var slitið á miðnætti enda flestir þreyttir á því máli sem engin ráðning fékkst á. Var svo borin upp tillaga frá formanni nefndarinnar Héðni Valdimarssyni þess efnis að fundurinn frestaði að ræða þetta meir, fæli stjórn félagsins að fá nauðsynlegar breytingar á þessum uppdrætti og um leið að rannsaka hverjir gætu keypt húsin ef af byggingum yrði og hve mikla upphæð þeir treystu sér til að hafa handbæra.“

Konur fengu teikningunum breytt

Kristín segir að næsti fundur um mál þetta hafi verið haldinn í júní þar sem um 200 manns hafi verið á fundi. Héðinn Valdimarsson setti þann fund og gaf Einari Erlendssyni húsameistara orðið sem lagði fram fyrirmyndarteikningar af hinum fyrirhuguðu verkamannabústöðum og skýrði fyrir fundinum allt þeim viðvíkjandi. Fljótt heyrðist á mönnum að þeir voru ánægðir með þetta fyrirkomulag á byggingunum. „Það voru konur sem fengu þessum fyrstu teikningum breytt. Konur með stóra barnahópa sem þekktu vel hverjar þarfir heimilisins voru. Þarna var nýlunda að íbúðir fyrir alþýðufólk væru með þeim nútíma þægindum sem hér voru t.d. að hafa baðkar og þvottahús. Þau voru ekki einu sinni í híbýlum þeirra efnameiri. Eftir þessum endurbættu teikningum Einars Erlendssonar var fyrsti áfangi verkamannabústaðanna reistur. Í þessum fyrsta áfanga var meira um skraut, en í hinum síðari varð á vissan hátt einfaldleikinn meira ríkjandi. Guðjón Samúelsson teiknaði annan áfanga sem lokaði portinu eða hringnum og þar snúa stofurnar mót sól og í þriðja áfanganum sem Gunnlaugur Halldórsson teiknaði voru blokkirnar sjálfstæðar einingar og stofan sneri í sólarátt.”

Þrjár systur úr verkamannabústöðunum. Kristín, Stella og Systa.

Mogginn og Þjóðviljinn og skipst á blöðum

Árið 1937 bjuggu um 1200 manns í bústöðunum sem var næstum sami íbúafjöldi og byggði Neskaupstað á sama tíma. „Þetta var svona hálfgerð önnur „Litla Moskva“ en þó skiptust menn talsvert eftir pólitík. Vinstri menn voru fjölmennastir en það var líka talsvert af hægri sinnuðu fólki. Heima var keyptur Þjóðviljinn en nágranni okkar keypti Moggann og svo var skipst á blöðum. Fólk vildi fylgjast með. Á okkar uppvaxtartíma var íbúum þó farið að fækka. Í upphafi voru fjölskyldurnar fjölmennari, jafnvel fimm til sex krakkar í hverri. Í næsta stigagangi þar sem Guðmundur J. Guðmundsson eða Guðmundur Jaki eins og hann var oft kallaður, átti heima. voru 10 til 20 krakkar Svo fækkaði krökkunum, fólkið eltist og börnin uxu upp.

Litlar verslanir um allt

Hér var öll þjónusta til staðar. Hér var lestrarsalur þar sem Taflfélag alþýðu hafði m.a. aðsetur, fiskbúð, kjötbúð, nýlenduvöruverslun, brauð- og mjólkurbúð eins og var á þeim dögum þegar mjólkurvörur voru aðeins seldar í sérverslunum Samsölunnar því kaupmenn fengu ekki að selja mjólk í verslunum sínum. Margir kunnu að kveða og pabbi sagði okkur frá því að þegar hann var að alast upp á fyrstu árum bústaðanna hafi mátt heyra óminn af kveðskapnum út í portið.

Kristín og Auður Róberta Gunnarsdóttir sem átti heima á Hringbraut 76 að koma úr afmæli á Hringbraut 82.

Á þessari mynd sést vel hvernig Verkamannabústaðirnir við Hringbraut eru byggðir í ferhyrning sem myndar umgjörð um stóran garð.

Krakkarnir úr verkamannabústöðunum gengu í Melaskóla. Hér er bekkjarmynd úr 12 ára bekk í Melaskóla.

Ingveldur Einarsdóttir með tveimur dætra sinna, Systu og Stellu.

Börn frumbyggja urðu félagsmenn

Það var algengt að börn frumbyggja yrðu félagsmenn og eignuðust íbúðir. „Þegar við vorum litlar átti Steini fisksali, faðir Víglundar sem lengi var kenndur við BM Vallá og féll frá nú um daginn íbúð á Hofsvallagötunni og rak fiskbúð hér ofar í götunni og systir hans bjó á Hringbrautinni. Við vorum oft sendar út í búð eftir einhverju sem vantaði, t.d. í mjólkurbúðina eftir pundi af skyri eða pela af rjóma, til Steina í fiskbúðinni eftir ýsu sem hann pakkaði inn í dagblað með öruggum hreyfingum, eða kjötfarsi í kjötborðinu hjá Lauja eða Guðlaugi. Við fórum til Möggu í Möggubúð og fengum hjá henni vínarbrauðsenda en þeir voru auðvitað eftirsóttir hjá öllum krökkum og ekki alltaf til, stundum eignuðumst við pening og keyptum fánakúlur hjá henni. Þær systur Kristín og Stella segja að skemmtilegt hafi verið að alast upp á Hringbrautinni.

Þetta var góður hópur

"Þetta var góður hópur hér í Verkó. Hann var mátulega stór og portið var okkar staður. Við höfðum ekki mikinn samgang við krakka utan húsanna hér. Við fórum ekki mikið og það var heldur ekki mikið um að aðrir krakkar kæmu inn í portið. Við þekktum til dæmis lítið til krakkanna sem bjuggu hinum megin við Hofsvallagötuna eða Hringbraut, ég átti samt vinkonu sem bjó ská á móti okkur hinum megin við Hringbrautina," segir Kristín. „Við þurftum eiginlega ekki að leita út fyrir portið."

Skemmtilegast að vera bókasafnskonan

Við krakkarnir lékum okkur úti í ýmsum leikjum. Það var nauðsynlegt að eiga bolta, enda voru boltaleikirnir vinsælir, eins og brennó, kíló, sto og fleiri. Svo voru hér leiktæki og sandkassar þar sem hægt var að fara í gluggaleik. Þá teiknaði einn upp einhvern glugga í sandinn og hinir áttu að finna út hvaða gluggi þetta var. Við fórum reglulega á bókasafnið og þegar ekki var hundi út sigandi og við urðum að vera inni lékum við systurnar okkur í bókasafnsleik, skemmtilegast var að vera "bókasafnskonan" og stimpla í bækur eins og gert var á bókasafninu.

Jólatré frá 1955

Af því nú eru að koma jól er gaman að rifja upp að fyrsta jólatréð var sett upp í portinu 1955. Þegar við vorum litlar var krökkunum í portinu boðið á skrifstofu félagsins sem var á Bræðraborgarstíg 47. Þar fengum við ilmandi, rauð og falleg epli og appelsín í flösku og vorum minnt á að passa upp á að perurnar á jólatrénu yrðu ekki fyrir skemmdum. Síðan þá hefur jólatré verið sett upp í portinu börnum og fullorðnum til yndisauka."

Framhald á bls. 6

Framhald af bls. 4-5.

Hér erum við nokkrar stelpur í portinu að búa til skautasvell 1967.

Sameiginleg upphitun var nýjung

Sameiginleg upphitun var í verkamannabústöðunum sem var óvenjulegt á þessum tíma. „Þarna var ákveðin framsýni á ferð. Þetta var fyrir daga hitaveitunnar og í stað þess að kolaofn væri í hverri íbúð var höfð sameiginleg upphitun. Það var þó ekki hitað stöðugt. Minna á sumrin og svo var ekki kynt á nóttunni. Í kyndiklefunum voru stórir kolaofnar þar sem vatnið var hitað og á morgnana fóru kyndarar niður í klefana og mokuðu í ofnana til þess að ná hitanum upp. Kyndiklefarnir og þessi sameiginlega upphitun er ástæðan fyrir stóru strompunum sem eru á byggingunni. Það er rétt – þessar byggingar voru langt á undan sinni samtíð. Í verkamannabústöðunum var heitt og kalt rennandi vatn, klósett í hverri íbúð og baðkar. Vinir og vandamenn komu utan úr bæ til að fara í bað. Í eldhúsi var bæði rafmagnseldavél og gas, vaskahús og þurrkherbergi í hverjum kjallara. Auðvitað voru þetta tímamótabyggingar!

Fyrsta byggingarsamvinnufélagið

Og þetta var líklega fyrsta byggingarsamvinnufélagið sem stofnað var, Byggingafélag verkamanna og síðar Byggingafélag alþýðu. Fyrsti formaður félagsins var Héðinn Valdimarsson sem einnig var formaður Dagsbrúnar eins t.d. Sigurður Guðnason, Hannes Stephensen og Guðmundur J. Guðmundsson sem bjuggu í verkamannabústöðunum.“

Lúxus að búa hér

„Íbúasamsetningin hefur breyst talsvert á umliðnum árum. “Mín íbúð er með þeim fyrstu sem var seld á frjálsum markaði,“ segir Kristín. „Það var lúxus að búa hér á árum áður og mér finnst þessi lúxus hafa um margt haldist. Alla vega í okkar augum sem eigum rætur hér.”

Mætti endurvinna þessar teikningar og byggja

„Ég veit að mörgum fannst verkamannabústaðirnir vera gráar og einsleitar byggingar,“ heldur Kristín áfram. „Engu að síður er hver bygging gerð með sínum hætti. Þær eru ekki eins, mismunandi áherslur eru í þessum húsum enda húsin byggð í þremur áföngum eftir teikningum þriggja arkitekta sem taka upp nýjungar utan úr heimi. Ég hef velt fyrir mér hvort ekki mætti endurgera þessar gömlu teikningar og nýta þær aftur og byggja eftir þeim þar sem nú er vaxandi þörf á minni íbúðum. Það má aðlaga þær breyttum tíma því kröfur eru aðrar í dag. Þegar við vorum litlar gerðum við okkur ekki grein fyrir því að við byggjum eitthvað þröngt, við sváfum þrjár saman í einu herbergi það var eðlilegt og á kvöldin sátum við saman í stofunni og hlustuðum á útvarpið og prjónuðum, saumuðum eða teiknuðum á meðan.”

Garðurinn og lifnaðarhættir hafa breyst

Eitt hefur t.d. breyst en það eru garðarnir sem eru upp við húsin. “Þegar við vorum litlar hékk þvottur til þerris í öllum görðum Mikið var um rabarbara og rifs og fólki var annt um að hafa garðana fína. Garðurinn var ekki sama framlenging af íbúðunum eins og í dag. Grillmenningin var ekki komin í árdaga Verkamannabústaðanna.”

Íbúarnir voru hluti af heild

Þrír afkomendur afa og ömmu Kristínar og Stellu eru búsettar í verkamannabústöðunum. Kristín sjálf og Stella sem bjó um tíma annars staðar en kom aftur og ein til. „Fólk þekktist betur hér áður, mikið var um skyldmenni, krakkarnir voru fleiri og samkenndin önnur. Íbúarnir voru meira hluti af heild. voru saman í félagi og eignuðust íbúðir sínar á sömu forsendum. Engu að síður er nú um gott samfélag að ræða þótt það sé aðeins á öðrum nótum.

Friðlýstir 2011

Verkamannabústaðirnir voru friðlýstir 2011, ytra byrði og garðveggir ásamt leikvallarskýlinu á Héðinsvelli. „Verkamannabústaðirnir hafa fengið styrki bæði frá Húsafriðunarsjóði og Húsverndarsjóði Reykjavíkurborgar til ýmissa verkefna m.a. að endurnýja ónýta steinsteypta kjallaraglugga sem eru hér í fyrsta áfanga bústaðanna og að endurreisa garðveggina sem stóðu framan við húsin milli Hofsvallagötu og Bræðraborgarstígs.

Byggt af framsýni og hafa elst vel

„Verkamannabústaðirnir eru menningarverðmæti sem við verðum að hugsa um og bera virðingu fyrir,“ segja þær systur Kristín og Stella. „Hér var vandað til verka strax í upphafi. Pólarnir, sem höfðu áður verið byggðir fyrir fátækt fólk voru með allt öðrum hætti. Munurinn var gríðarlegur. Þeir voru bara hreysi. Alþýðufólk vildi fá almennilegt húsnæði. Verkamenn skyldu fá góð hús. Þessi byggðakjarni hefur elst vel og í dag er hann dæmi um mikla framsýni á erfiðum tímum,“ segja Kristín og Stella.

Um 70 íbúðir fyrir ungt fólk í Skerjafirði

Uppdráttur af nýbyggð í Skerjafirði.

Hugmyndir eru um að reisa rúmlega 70 íbúðir í Skerjafirði sem sérstaklega verði ætlaðar ungu fólki. Reiknað er með að þeir sem séu að kaupa sína fyrstu fasteign gangi fyrir í íbúðirnar. Stefnt er að því að íbúðirnar geti vaxið með eigendunum og verða þær því stækkanlegar. Félagið Frambúð ehf. stendur fyrir verkefninu en það tók þátt í verkefni Reykjavíkurborgar um hagkvæmt hús og var eitt þeirra verkefna sem kynnt voru á fundi í Ráðhúsi borgarinnar í nóvember.

Verkefni Frambúðar var eitt af níu verkefnum af 16 sem sendu hugmyndir og tillögur til borgarinnar og fékk Frambúð í framhaldi af því vilyrði fyrir byggingarreit í Skerjafirði. Þar er gert ráð fyrir 72 íbúðum en alls er gert ráð fyrir 1.200 íbúðum í Skerjafirði samkvæmt rammaskipulagi. Frambúð á nú í viðræðum við Reykjavíkurborg um framhald verkefnisins. Vinna við deiliskipulag á svæðinu stendur nú yfir og mun endanlegt fyrirkomulag og útlit á íbúðunum ráðast af viðræðum við borgina og niðurstöðu deiliskipulags.

Til að mæta húsnæðisvanda

Hugmynd forsvarsmanna Frambúðar er að búa til umhverfi þar sem ungt fólk geti eignast íbúðir sínar með tíð og tíma. Ætlunin er að byggja eins lítið og hagkvæmt og mögulegt er. Íbúðirnar verða í kringum 40 fermetrar til að byrja með en stækkanlegar í allt að 80 fermetra sem næst með því að hafa tvær svalir á íbúðunum sem hægt er að loka ef þörf er á. Hugmyndin með þessu fyrirkomulagi er að mæta þeim aukna húsnæðisvanda sem er fyrir hendi. Ungt fólk á stöðugt erfiðara með að komast inn á fasteignamarkaðinn og fjölmenn kynslóð er nú að komast á eða komin á þann aldur það þurfa að eignast húsnæði. Ætlunin er að veita seljendalán fyrir allt að tíu prósent af kaupverði sem ekki yrði tryggt með veði í eigninni. Eignamyndunin verður síðan til þegar möguleikar íbúa á að stækka íbúðirnar verði nýttir. Þegar fólk flytur inn í íbúð og er með brúarlán og fasteignalán er eignarhlutir þess enginn en þegar íbúðin er stækkuð eins og gert er ráð fyrir losna ákveðin verðmæti úr læðingi sem gefa færi á að endurfjármagna lán og mynda eignarhlut. Gert er ráð fyrir því að þegar öll pappírsvinna er tilbúin og samningar við Reykjavíkurborg handsalaðir verði framkvæmdir hafnar og vonir standa til að unnt verði að fara af stað í sumar.



SINDUR hálsmen: 14.700 kr.

KOLGA hálsmen: 14.000 kr.

KOLGA lokkar: 10.700 kr.

SAND hálsmen: 13.300 kr.



SINDUR lokkar: 9.900 kr.

KOLGA hringur: 16.300 kr.

SAND lokkar: 18.800 kr.

SINDUR armband: 18.900 kr.

SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA

aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

FRÍ HEIMSENDING af www.aurum.is



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	09.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jólum	10.00 - 23.30
31. desember, Gamlársdagur	09.00 - 17.00
1. janúar, nýársdagur	12.00 - 17.00

PÉTURSBÚÐ
Ránargötu 15

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Samfélagshúsið Aflagranda

Fjölbreytt starf alla daga

Líkamsrækt er hluti af félagsstarfinu. Myndin er tekin í KR heimilinu þar sem hluti af starfinu fer fram.

Haustið fór ansi vel af stað hjá okkur hér á Aflagranda. Námskeiðin sem boðið var upp á fram að jólum voru mjög vel sótt þ.e. Zumba og Jóga einnig var Línudans. Við ætlum að vera með byrjenda- og framhaldsnámskeið á Zumba og Jóga námskeiðunum á nýju ári og við erum með í vinnslu að bjóða uppá meðgöngujóga. Við vonumst til að geta boðið upp á áframhaldandi Línudans kennslu en það fer eftir áhuga fólks. Nánari upplýsingar á skrifstofu Aflagranda. Frábær mæting hefur verið í DHL höllinni þar sem Kraftur í KR býður upp á fjölbreytta og hressandi hreyfingu í skemmtilegum félagsskap, alla mánudaga kl. 10:30.

Við erum í samstarfi við Pokamiðstöð Vesturbæjar og sjálfboðaliðasamtökin Seed, sem er sérlega umhugað um náttúrvernd. Núna í nóvember endurvöktum við pokasauminn og hittist hér fjölmennur hópur fólks á öllum aldri og saumuðu poka sem fara í Melabúðina. Næsti hittingur verður um miðjan janúar, nánar auglýst síðar og hvetjum við áhugasama til að mæta og taka þátt í þessu flotta verkefni. Það er ekki krafist neinnar sérstakrar saumakunnáttu, við lærum þetta jafnóðum.

Pokasaumurinn fór aftur af stað í nóvember. Myndin er frá saumastofunni.

Gísli Einarsson segir sögur af landanum á Aflagranda.

Vel heppnað jólahlaðborð

Nú í byrjun desember var jólahlaðborð sem var sérlega vel heppnað enda uppselt og komust færri að en vildu. Borðið svignaði undan kræsingum og Gísli Einarsson sá um að skemmta fólki með skemmtilegum sögum af landanum. Boðið var upp á happdrætti og kór Lithóa á Íslandi kom og söng fyrir okkur bæði íslensk og litháensk jólalög. Helga Gunnarsdóttir lokaði svo kvöldinu með fjöldasöng þar sem hún spilaði á píanóið.

Bókaspjallið er vinsælt

Fastir liðir eins og Bókaspjall með Hrafni á miðvikudögum og Bingó á föstudögum hefur verið vel sótt og gaman að segja frá því að á miðvikudag 12. desember sl. fengum við góða gesti í heimsókn, rithöfundarnir Sverrir Jakobsson og Guðrún Eva Mínervudóttir komu til að lesa upp úr nýju bókum sínum og forseti vor Hr. Guðni Th. kom og heilsaði upp á okkur en hann sá um bókaspjallið í nokkur ár áður en hann var kjörinn forseti. Jólabingó og jafnframt síðasta bingóið fyrir jól verður 14. desember. Spjaldið kostar 350 kr. og veglegir vinningar í boði.

Við þökkum fyrir skemmtilega samveru á árinu sem er að líða og óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Starfsfólk Aflagranda

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR

FISKBÚÐIN VEGAMÓT

NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ MÁN - FIM KL. 10 - 18:30
FÖSTUDAGA KL. 10 - 18

Risavaxinn sýndarveruleiki í Örfirisey

Unnið að byggingu fyrir FlyOver í Örfirisey.

Verið er að vinna að uppbyggingu hátækniafþreyingar í Örfirisey á vegum Esja Attractions ehf. undir heitinu FlyOver Iceland. Sérhönnuð bygging verður reist og háþróaðri kvikmynda- og sýningartækni beitt þannig að áhorfendum finnist þeir svífa yfir margar af helstu náttúruperlum Íslands. Sýningin verður staðsett við Fiskislóð og er stefnt að opnun hennar á næsta ári að því er kemur fram í fréttatilkynningu.

Um risavaxinn sýndarveruleika er að ræða þar sem gestir munu svífa um í sérstökum stólum sem hreyfast í takt við sýningarrýmið. Þar mun verða hægt að njóta útsýnis um helstu náttúruperlur landsins á 17 sinnum 20 metra skjá. Unnið er að því að reisa hús við Fiskislóð auk þess sem sýningarbúnaður er væntanlegur til landsins eftir áramót. Tækin koma að mestu frá Brogent Technologies á Taívan. Þungamiðjan í tækjabúnaðinum er hið svokallaða i-Ride með fjörutíu sætum sem fyrirtækið hefur þróað. Heildarkostnaður verkefnisins þegar allt er talið, bygging hússins, tækjabúnaðurinn og að koma honum til landsins hleypur á milljörðum króna og á annað hundrað manns hafa unnið við verkefnið. Gert er ráð fyrir veitingasal og verslun á neðri hæð hússins. Stofnendur Flyover Iceland eru Sigurgeir Guðlaugsson, Robyn Mitchell og Kevin Finnegan. Fyrirtækið Pursuit verður rekstraraðili og á 54,5% í félaginu, en það hefur starfað í Kanada og Bandaríkjunum. Fasteignafélagið E6 er eigandi hússins að Fiskislóð.

Afgreiðslan okkar hefur fengið á sig framtíðarsvip. Þar verður lögð áhersla á framúrskarandi þjónustu þar sem möguleikar stafrænnar tækni og fyrsta flokks ráðgjöf haldast í hendur.

Afgreiðslan við **Hagatorg er opið frá 9 til 17 alla virka daga**. Hraðbankarnir eru aðgengilegir allan sólarhringinn.

arionbanki.is

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
HELGIHALD UM JÓL OG ÁRAMÓT

16. des. sun. kl. 14:00
Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.
Skemmtunin hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan er haldið upp í safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum.
Kaffi og meðlæti fyrir alla.

19. des. mið. kl. 20:00
Sálarrannsóknarfélag Íslands fagnar 100 ára afmæli sínu í Fríkirkjunni.

24. des. mán. kl. 18:00
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
Þóra Einarsdóttir sópran syngur einsöng.
Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

24. des. mán. kl. 23:30
Miðnætursamvera á jólanótt.
Ellen Kristjánsdóttir ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra.
Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

25. des. þri. kl. 14:00
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag. Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.
Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.
Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

31. des. sun. kl. 17:00
Aftansöngur á gamlársdag.
Hljómsveitin Eva ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

Endurbætt skólalóð við Grandaskóla

Nú er unnið að endurhönnun og breytingum á lóð Grandaskóla og hefur fyrsti áfangi hennar verið opnaður fyrir nemendur. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðan skóli hófst í haust, svo nemendur eru búnir að bíða lengi eftir þessum breytingum og opnun á skólalóðinni.

Mikil gleði var hjá nemendum að fá að leika í öllum nýju leiktækjunum og á gervigrasinu. Eins og sjá má á myndunum þá var verulega gaman í frímínútum en myndirnar voru teknar 3. desember sl.

Sægreifinn
Heimsins besta humarsúpa

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Frá 17. des. bjóðum við upp á upp á skötu alla daga frá hádegi til kvölds fram að jólum, kr. 2.350.- fyrir manninn.

Pantið tímanlega fyrir Þorláksmessuna því færri komast að en vilja. Pöntunarsími 553 1500.

Munið heimasíðuna
www.saegreifinn.is

Sægreifinn
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

TAKE AWAY

OPIÐ TIL
21 ÖLL
KVÖLD

XO

FUN · FAST · FUSION

XO VEITINGASTAÐUR Facebook

Smáralind og JL húsi, vesturbæ

S: 571 3888

XOisland.is

tripadvisor

Allar flatbökur + frítt gos 1.890 kr* alla daga til kl. 16, í JL húsi

*Humarbaka á 1.990 kr.

FÁÐU TILBOÐ

FRÍ SENDING TIL FYRIRTÆKJA - 10 RÉTTIR EÐA FLEIRI

Fyrirtækjaþjónusta XO

Fyrirtækjaþjónusta XO bíður upp á ferskan og hollan mat sem tilvalin er fyrir vinnustaði og stærri hópa
Sendu okkur fyrirspurn
á Pantanir@XOisland.is
eða hringdu, 571-3888

Prýðifélagið á móti Skerjafjarðarbyggð

Fundarmenn á aðalfundi Prýðifélagsins Skjaldar. Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi er fyrir miðju á myndinni.

Haldin var fjölmennur aðalfundur Prýðifélagsins Skjaldar, íbúasamtaka Skerjafjarðar sunnan flugvallar þar sem heitar og miklar umræður sköpuðust um fyrirhugaða byggð austan megin við Skerjafjörð à svæði neyðarbrautarinnar. Almenn andstaða er í Skerjafirði við fyrirhugaða byggð á svæðinu og endurspeglaði fundurinn þá afstöðu þar sem samþykkt var eftirfarandi ályktun með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna," segir í frétt frá félaginu.

Aðalfundur Prýðifélagsins Skjaldar, íbúasamtaka Skerjafjarðar, mótmælir harðlega fyrirhugaðri byggð austan byggðar á núverandi svæði Reykjavíkurflugvallar. Fyrirhuguð byggð er í engu samræmi við núverandi byggð og stór hluti sendinnar strandlengju suðurstrandar borgarlandsins hverfur undir uppfyllingu. Umferðarþungi mun aukast gríðarlega, sérstaklega á framkvæmdatíma, og hafa áhrif langt út fyrir hverfið. Aðalfundurinn telur að meðan ekki er ljóst hvort og þá hvar nýr flugvöllur verði byggður sé ljóst að Reykjavíkurflugvöllur verði starfræktur áfram um ókomin ár og telur því mikið óráð að reisa þarna stærstu botnlangabyggð landsins.

Kostnaður við Gröndalshús 238 milljónir

Kostnaður við endurbætur á Gröndalshúsi sem nú stendur í Grjótaþorpi reyndist 238 milljónir króna. Upphafleg fjárhagsáætlun við endurbæturnar hljóðaði upp á 40 milljónir króna, en miðað við uppreiknaða byggingarvísitölu frá 2009 er sú upphæð 60 milljónir í dag. Þetta kom fram á síðasta fundi borgarráðs. Gröndalshús er í dag leigt af menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar og nýtt fyrir Bókmenntaborg Reykjavíkur. Þar er einnig sýning um Benedikt Gröndal og aðstaða fyrir fræðimenn.

Gröndalshús á sér yfir 130 ára sögu. Árið 1881 byggði Sigurður Jónsson járnsmiður sér nýtt hús úr timbri sem barst til Íslands með gríðarstóru skipi sem rak mannlaust um hafið og strandaði í Höfnum. Sigurður bjó í húsinu og hafði þar járnsmiðju sína til 1888 en þá eignaðist það Benedikt Gröndal og eftir það var húsið kennt við hann. Húsið var oft kallað Púltið, Skrínan eða Skattholið vegna hins sérkennilega byggingarlags, en það er tvílyft að framan og einlyft að aftan. Benedikt breytti járnsmiðjunni í stofu og bjó í húsinu til dauðadags árið 1907. Húsið var áfram í eigu fjölskyldu hans til 1927 þegar Ámundi Hjörleifsson og Eugenia I. Nilsen eignuðust

Gröndalshús eins og það lítur út í dag.

það. Eugenia bjó í húsinu þar til hún lést árið 2004. Reykjavíkurborg keypti húsið til varðveislu vegna menningarsögulegs gildis þess og hefur minjavernd annast framkvæmdir við nýjan grunn og flutning hússins.

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓLA-FJÖR á Granda

25% afsláttur
inni- og útiseríur jólaljós

25% afsláttur
af útiskrauti/ fígúrum

25% afsláttur
af öllum leikföngum

25% afsláttur
af pottum & pönnum

20% afsláttur
af gervijólatrjám

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

Skoðaðu jólagjafa-handbókina
á byko.is

Nýtt

OSRAM ráðgjöf á Granda

Guðný frá OSRAM miðlar af þekkingu sinni varðandi perur og lýsingu á laugardag milli 12 og 16

Komdu og fáðu góð ráð!

OPIÐ

VIRKA DAGA **8-18:30**
LAUGARDAGA **10-18**
SUNNUDAGA **11-17**
WWW.BYKO.IS

BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagranda 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega velllíðan.

Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Landakotsskóli

Með yngsta liðið í First Lego keppninni

Hin árlega tækni- og hönnunarkeppni FIRST LEGO League fór fram í Háskólabíói laugardaginn 10. nóvember. Landakotsskóli státaði af einu yngsta liði í keppninnar og stóðu nemendur sig eins og hetjur. Var frammistaða þeirra og framkoma skólanum til sóma.

Tuttugu lið víða af landinu mættu til leiks í Háskólabíói og voru þátttakendur hátt í 200 talsins. Liðin höfðu unnið ötullega að undirbúningi í allt haust og mættu þrautþjálfuð til keppninnar, sem skiptist í fjóra meginhluta. Í fyrsta lagi áttu keppendur að forrita vélmenni úr tölvustýrðu Legói sem ætlað var að leysa tiltekna þraut sem tengdist þema ársins, sem var himingeimurinn að þessu sinni. Þá áttu keppendur að vinna sjálfstætt rannsóknarverkefni sem einnig tengdist geimnum. Liðið Myllarnir úr Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ sigraði keppnina og vann sér um leið þátttökurétt í norrænni keppni FIRST LEGO League.

Mynd frá First Lego keppninni.

Mímir og Mímisbar opnaður á Hótel sögu

Mímir og Mímisbar hafa verið opnaðir á Hótel Sögu við Hagatorg. Mímisbar er mörgum að góðu kunnur frá fyrri tíð en að undanförnu hefur verið unnið að mikilli endurnýjun á jarðhæð hótelsins og einnig Súlnasalnum.

Hótel Saga á sér langa sögu. Húsið var tekið í notkun 1962 og þótti með glæsilegri húsum landsins. Við alla endurgerð og endurnýjun hefur verið lögð áhersla á upprunann. Að færa húsið aftur í það horf sem það var byggt í. Bændahöllin sem hýsir Hótel Sögu var byggð af bændum og er eign Bændasamtaka Íslands. Hótel Saga hefur því skýrar tengingar við landbúnaðinn í huga margra.

Áhersla á fræðslu

Á Hótel sögu er lögð áhersla á að fræða og upplýsa gesti um þær vörur sem boðið upp á. Einnig er lögð áhersla á að fræða gesti og segja sögur af framleiðendum og hráefninu, hvar það á uppruna sinn og hvernig það er verkað. Mikilvægt er að íslenskar vörur og framleiðsla séu ávallt í forgrunni við val hráefna. Hótel Saga nota einnig erlend hráefni sem er háð framboði, gæðum og uppruna. Ætíð verður að vanda val á hráefnum og gæta að gæðum og uppruna. Hótel Saga setur þau skilyrði að birgjar upplýsi um uppruna hráefna þar sem því verður við komið. Við viljum vita hvaðan hráefnið kemur, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda vöru.

Virðing fyrir náttúrunni

Á Hótel Sögu er borin virðing fyrir náttúrunni enda kappsmál eigenda og starfsfólks að lágmarka kolefnisfótspor þess hráefnis sem notað er í matargerð á hótelinu. Þess er einnig gætt að fullnýta allt hráefni eins og hægt er til þess að minnka matarsóun. Að nýta afurðina „frá haus til hala“ er haft í hávegum en með móti markar Hótel Saga sér sérstöðu á veitingamarkaðnum. Hótel Saga er með skýra stefnu í umhverfismálum og starfsfólk vinnur eftir umhverfisstefnu Græna lykilsins.

Hjarta hótelsins á fyrstu hæð

Veitingastaðurinn á fyrstu hæð er hjarta hótelsins. Þar njóta gestir vandaðra veitinga, faglegrar þjónustu og ýmissa viðburða. Matseðill veitingastaðarins er fjölbreyttur og réttirnir eru á viðráðanlegu verði. Þema staðarins og áherslur tengjast íslenskum afurðum. Áhersla verður lögð á besta fáanlega hráefni hverju sinni sem hentar hverri árstíð. Mikið er lagt upp úr skjótri afgreiðslu og stuttum biðtíma. Eldhús veitingastaðarins er í senn tilraunaeldhús fyrir íslenskan landbúnað og framleiðendur.

Íslenskir bjórar, kokkteilar og erlend vín

Á veitingastaðnum er bar þar sem drykkjarföng eru í boði sem hæfa matarstefnu staðarins. Fjölbreytt úrval íslenskra bjóra og kokkteila er í boði auk erlendra vína þar sem lögð er áhersla á uppruna. Á veitingastaðnum er boðið upp á fjölbreytt úrval vína á góðu verði. Stefnt er að því að flytja inn eigin vín og bjóða upp á vörur sem hægt er að rekja til erlendra vínbænda.

Betri þjónusta við hlið viðskiptavinarins

Afgreiðsla Arion banka við Hagatorg verður opnað í nýrri og breyttri mynd þann 6. desember næstkomandi. Afgreiðslan verður með svipuðu sniði og í Kringlunni og Garðabæ þar sem áhersla er lögð á aðstoð og kennslu á stafrænar þjónustuleiðir bankans og þægilega og góða þjónustu.

Starfsfólk verður á staðnum frá 9–17 alla virka daga en afgreiðslan verður aðgengileg allan sólarhringinn og greiður aðgangur að hraðbönkum þar sem hægt er að framkvæma flestar aðgerðir.

Persónuleg og afslöppuð stemning

„Stafræn þjónusta er sambland af öllum þeim stafrænu leiðum sem við bjóðum upp á, svo sem í gegnum netbanka, app, vefinn og sjálfsafgreiðsluhraðbanka, en í afgreiðslunni í Vesturbæ verðum við með starfsfólk á staðnum sem aðstoðar og kennir viðskiptavinum á þessar leiðir,“ segir Ingvar Breiðfjörð Skúlason, útibússtjóri í Vesturbæ.

Hann bætir við að honum finnist þessi nýja tegund þjónustu síður en svo ópersónuleg þótt ætla mætti annað. ,,Mér finnst ég ná að veita viðskiptavinum betri þjónustu og á afslappaðri máta þegar ég sit við hlið þeirra í stað þess að vera hinum megin við skrifborðið og tölvuskjáinn. Auðvitað eru einhverjar aðgerðir þannig að ekki er hægt að leysa málin með rafrænum hætti en þá tengjum við viðskiptavini við ráðgjafa í gegnum fjarfundarbúnað. Í útibúinu okkar í Borgartúni er svo hægt að fá enn dýpri fjármálaráðgjöf og viðskiptavinir okkar eru að sjálfsögðu ávallt velkomnir þangað sem og í önnur útibú.“

Þægilegri bankaþjónusta

,,Í raun fer þjónustan fram eins og áður en í stað þess að við sitjum við skrifborð á móti viðskiptavinum okkar setjumst við niður með þeim og förum saman í gegnum stafrænu leiðirnar.

Við erum búin að vera með þetta fyrirkomulag í Kringlunni í rúmlega eitt ár og í Garðabænum frá því í október. Það hefur reynst mjög vel og við höfum orðið vör við mikla ánægju meðal viðskiptavina. Bið eftir þjónustu, sem áður var veitt hjá gjaldkerum, er nánast úr sögunni nema þá helst um mánaðarmót. Hér áður var iðulega 35–50 mínútna bið um mánaðarmót en lengsti biðtími sem við höfum séð síðan við opnuðum í Kringlunni er um sjö mínútur.“

Flest öll hefðbundin bankaþjónusta verður aðgengileg. Sem dæmi er hægt að greiða reikninga, millifæra, leggja inn og taka út íslenskar krónur í hraðbönkunum. ,,Við vonum að Vesturbæingar taki breytingunum vel og hlökkum til að veita áfram góða þjónustu sem hentar hverjum og einum,“ segir Ingvar að lokum.

FRÓÐLEIKUR OG FJÖR!

Hvítabjarnabókin spannar komu hvítabjarna til Íslands allt frá landnámi til okkar daga - með viðkomu í sögnum og þjóðsögum. Þetta er mikið verk um hinar grimmustu skepnur sem hingað hafa komið.



Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum er bráðskemmtileg og segir jafnt frá tenntum og tannlausum mönnum, en umfram allt geggjuðum húmoristum.

Mismælabókin - ávísun á taumlausan hlátur allt frá fyrstu blaðsíðu til þeirrar síðustu og það er sko vissara „að hafa vaðið fyrir ofan sig," eins og Lási kokkur sagði.

Dagsannar lygasögur af Þingeyingum - bók sem beðið hefur verið eftir, enda er ekki hægt að ljúga upp á þetta síkáta fólk!

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
www.holabok.is • holar@holabok.is

Þrjú stórhýsi við Austurhöfn

- styttist í framkvæmdir við höfuðstöðvar Landsbankans

Þannig mun ný íbúðablokk við Austurhöfn líta út að framkvæmdum loknum.

Framkvæmdir í Austurhöfn í Reykjavík eru á áætlun. Byggingu Marriot hótelsins á að ljúka á næsta ári. Einnig verður sex hæða íbúðablokk með 71 íbúð byggð fyrir lok næsta árs auk þess sem styttist í að hafnar verði framkvæmdir við nýjar höfuðstöðvar Landsbankans en unnið er að hönnun þeirra.

Svæðið sem tilheyrir Austurhöfn er á hafnarbakkanum á milli Hörpu og Hafnartorgs. Gert er ráð fyrir þremur byggingum þar og eru þær smátt og smátt farnar að taka á sig mynd. Um er að ræða Marriot Edition-lúxushótelið sem standa mun næst Hörpu. Þá kemur sex hæða íbúðabygging með 71 íbúð af ýmsum stærðum, og í þriðja lagi nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar Landsbankans. Þær eru enn á hönnunarstigi en vonast er til að byggingarframkvæmdir geti farið að hefjast bráðlega. Undir öllu saman er svo bílakjallari á einni til tveimur hæðum sem tengist bílakjallara Hörpu og Hafnartorgs, og verður sá stærsti á landinu og með honum mun bílastæðum í Miðborginni fjölga verulega. Umsjón með uppbyggingu hótelsins og íbúðanna hefur fasteignaþróunarfélagið Íslenskar fasteignir ehf., en eigandi hótelsins sjálfs er fasteignafélagið Cambridge Plaza Hotel Company ehf. Eigendur Austurhafnar, sem reisir íbúðabyggingarnar, eru hinsvegar Hreggviður Jónsson og Eggert Dagbjartsson ásamt Arion banka með 20% hlutdeild.

EKKI LÁTA HÖFUÐVERKINN EYÐILEGGJA JÓLABOÐIÐ

15% afsláttur í desember

Reykjavíkur Apótek

Hver freyðitafla inniheldur Asetýlsalicýlsýru 500 mg og koffín 50 mg. Freyðitaflan skal leyst upp í vatni. Við vægum verkjum og migreni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. MEDA AB. MEO181201 - desember 2018.

BUTTERFLY

BORÐTENNISBORÐ

PLAYBACK borðtennisborð frá BUTTERFLY m/neti, blá eða græn 19mm borðplata

Verð: 59.478 kr m/vsk -

Ping Pong.is

pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu)- S: 568 3920

JS Watch co.
REYKJAVIK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR
FYRIR HANN OG HANA

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Arion banki

Sjálfvirkur afgreiðslumáti í nýrri afgreiðslu í Bændahöllinni

Arion banki hefur opnað afgreiðslu í Bændahöllinni við Hagatorg að nýju eftir gagngerar breytingar og endurbætur. Hin nýja afgreiðsla er með svipuðu sniði og afgreiðsla banka í Kringlunni og í Garðabæ en bankinn hefur verið að þróa mun sjálfvirkari afgreiðslumáta en áður tíðkaðist. Þar ræður máttur tækninnar mestu og minni nauðsyn á verkum mannshandarinnar. Reynslan hefur sýnt að afgreiðsla gengur jafnan greiðlega fyrir sig og hefur biðtími styttist verulega.

Öll almenn og hefðbundin bankaþjónusta er í boði í hinni nýju afgreiðslu og fjarfundabúnaður nýttur til þess að bjóða upp á víðtækari þjónustu og fjármálaráðgjöf. Þá fá viðskiptavinur beint samband við þjónusturaðgjafa þótt hann sé staddur í öðru húsi. Fyrir ýmsum viðskiptavinum er þetta eflaust nýjung en starfsfólk verður á staðnum á hefðbundnum skrifstofutíma sem er tilbúið að kynna fólki þessar nýjungar og sýna því á hvern hátt þær nýtast best. Starfsfólk sest niður með viðskiptavinum í stað þess að sitja hinu megin við skrifborð. Reynsla frá Kringlunni og Garðabænum er að flestir hafa tekið þessum nýjungum vel of verið fljótir að aðlagast þeim.

Úr hinni nýju afgreiðslu Arion banka í Bændahöllinni við Hagatorg.

Nærðu þig og þína í Systrasamlaginu

ORÐ HAFA ÁHRIF
Möntru armböndin
Silfur, gull, rósagull.
Verð frá
6.500

KRISTALSVATNSFLÖSKUR & KRISTALLAR

JÓGA- OG HUGLEIÐSLUVÖRUR
Endlaust fallegt úrval af jógadýnum, hugleiðslupúðum, jógafatnaði og allskyns fylgihlutum.

Minnum á hugleiðslu
alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

CACAÓ & ANNAÐ Á BOÐEFNABARNUM

FATNAÐUR BySirrý

GJAFABRÉF ER GULLMOLI
Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.

FLOTHETTAN
15.900

VINSÆLI JÓGASAMFESTINGURINN

Ath. Opið lengur í desember.

Afgreiðslutími í desember.
Mán-10-16.
Þri-fös 10.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

Systrasamlagið
Óðinsgötu 1
Sími: 511 6367
www.systrasamlagid.is



Full búð af náttfatnaði og sloppum frá Trofé

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

Réttindaskólar og Réttindafrístund í Vesturbænum

Samningurinn var undirritaður í Hagaskóla og að því tilefni var réttindaráð Hagaskóla og Frosta kynnt.

Skrifað var undir samning um að Grandaskóli, Hagaskóli, Melaskóli, Vesturbæjarskóli og frístundamiðstöðin Tjörnin verði Réttindaskólar og Réttindafrístund. Samningurinn var undirritaður í Hagaskóla á Alþjóðadegi barna.

Samningurinn þýðir að ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er grundvöllur alls skóla- og frístundastarfs og að nemendur eru meðvituð um réttindi sín alla daga. Verkefnið er samstarf Réttindaskóla og UNICEF á Íslandi en skólar og starfsstöðvar á vettvangi frítímans innleiða hugmyndafræði Réttindaskóla, sem UNICEF hefur þróað. Skólar og frístund samþykkja að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þeirra. Barnasáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna og réttinda þeirra.

Örfáar línur að vestan

Kæru lesendur.

Ef einhver ber af í þjóðfélagi okkar, eða er öðruvísi en aðrir, er hann oftar en ekki Vestfirðingur eða af vestfirskum ættum. Svo segja sumir. Og bæta jafnvel við: Manngildi meta Vestfirðingar í dugnaði og slíkum eiginleikum, en síður í peningum. Gamansemi er þeirra lífselexír.

Vestfirska forlagið var stofnað á Hrafnseyri í Arnarfirði 17. júní 1994. Tilgangurinn: Að vekja athygli og áhuga á Vestfjörðum og innbyggjurum þeirra fyrr og síðar. Og varðveita ýmsar persónusögur og sagnir sem margar hefðu að öðrum kosti farið beint í glatkistuna. Fjöldi þeirra hundruð höfunda sem hafa skrifað í bækurnar að vestan, hafa aldrei gefið út eftir sig staf fyrr en hjá forlaginu við yzta haf. Merkilegt rannsóknarefni út af fyrir sig. Þetta bókaforlag hefur kannski verið rekið af einhvers konar hugsjón. En allavega ekki til að græða peninga.

Vestfirska forlagið hefur gefið út á fjórða hundrað bækur og rit um Vestfirði og Vestfirðinga. Og það án þess að nokkur maður hafi tekið eftir því! Geri aðrir menntaskólar betur. Þetta er náttúrlega bilun. En það verður bara að hafa það!

Að þessu sinni erum við með 7 bækur í jólabókaflóðinu. Við vonum að þið dragið eina og eina að landi hjá ykkur. Vestfjarðabækurnar fást í flestum búðum sem á annað borð höndla með bækur.

Með bestu kveðjum.

Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

Fiskur & fólk á Grandagarði

Sýningin, Fiskur & fólk - sjósókn í 150 ár var haldin í Sjóminjasafninu á Grandagarði sl. mánudag. Sýningin fjallaði um sögu fiskveiða á Íslandi, frá því árabátarnir viku fyrir stórskipaútgerð á síðustu áratugum 19. aldar og allt fram yfir aldamótin 2000.

Sagan var sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins Reykjavíkur og sett fram á lifandi hátt með gripum og textum, myndum og leikjum. Gildi fisks fyrir afkomu Íslendinga verður seint ofmetið. Fiskur hefur verið mikilvægur hluti af íslensku mataræði um aldir, sem og ein verðmætasta útflutningsvara þjóðarinnar. Fiskurinn spilar lykilhlutverk í sýningunni og er honum fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu – og loks á diskinn. Sýningin er fræðandi og skemmtileg og höfðar jafnt til þeirra sem þekkja vel til sjósóknar og sögu hennar og þeirra sem aldrei hafa heyrt hana.

Frá sýningunni Fiskur og fólk.

101
REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA
www.101.is

Deiliskipulag Fossvogsbrúar auglýst

Fossvogabrúin eins og gert er ráð fyrir að hún muni líta fullbyggð út. Háskólinn í Reykjavík er í baksýn til hægri og Perlan fyrir miðju.

Samþykkt hefur verið að auglýsa tillögu að deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Brúin á að liggja frá uppfyllingum á Kársnesi í Kópavogi og ná landi í Reykjavík við enda flugbrautarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Brúin verður um 270 metra löng og gerð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningssamgöngur.

Markmiðið með því að leggja brú yfir Fossvog á milli Reykjavíkur og Kópavogs er að styðja við vistvæna samgöngukosti á svæðinu ásamt því að stytta ferðalengdir, dreifa umferðarálagi og styðja við aðra ferðamáta en einkabílinn. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í minnihluta borgarstjórnar létu bóka með tillögunni að mikilvægt væri að brúin nýtist sem best fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Samflot þriggja og fleiri í bíl sé liður í að minnka álag á gatnakerfið. Rétt væri að kanna áhrif þess að leyfa samflot í tengslum við brú yfir Fossvog hvað varðar álag í umferðarmódeli. Talið er að flutningsgeta brúarinnar verði mikil því ljóst sé að akreinar fyrir Borgarlínu, hjólandi og gangandi vegfarendur geta flutt mun fleira fólk en akreinar fyrir bíla. Kópavogsbær auglýsti tillöguna að deiliskipulaginu 9. október síðastliðinn.

Íslenskuverðlaun unga fólksins veitt

Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi er aðalhvatamaður verðlaunanna og Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands er verndari verðlaunanna þeirra.

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu 16. nóvember. sl Alls fengu 67 nemendur og einn nemendahópur viðurkenningu og aldrei hafa fleiri fengið verðlaunin en í ár.

Alexandra Briem, varaborgarfulltrúi kynnti verðlaunahafa á svið og Pawel Bartozek, borgarfulltrúi, kynnti dagskrá. Norðurljósasalur var troðfullur af ættingjum og vinum auk skólafólks. Einn nemendahópur fékk verðlaun í ár og það var fyrir verkefni tengt hafinu. Karan Gurung fékk verðlaun fyrir að vera einstakur nemandi og einn sterkasti nemandi síns bekkjar í íslensku þrátt fyrir að koma ekki úr íslensku málumhverfi. Hver nemandinn á fætur öðrum tók við verðlaunum fyrir notkun tungumálsins. Nemendur voru verðlaunaðir fyrir framúrskarandi færni og kunnáttu á öllum sviðum íslenskrar tungu, áhuga og metnað.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

Njóttu stemningarinnar
Í HJARTA REYKJAVÍKUR
Skötuhlaðborð á Restaurant Reykjavík 23. desember
ÞORLÁKSMESSUSKATA
Á Þorláksmessu bjóðum við upp á einstaklega girnilegt skötuhlaðborð.

SÍLDARVEISLA
Lauksíld
Appelsínumarineruð síld
Fennel og agúrku síld
Jólasíld
Lakkríssíld

AÐALRÉTTIR
Kæst Tindabikkja
Reyktur Lax
með hvítlaukssósu
Skötustappa
Saltfiskur
Plokkfiskur

EFTIRRÉTTTIR
Ris a la mande
Kanil og rósmarin ostaterta
Piparköku-Brownie
Úrval af ísum
Frómas

Verð kr. 4.900
Í hádeginu og um kvöldið

Í hádeginu verður
Eyjólfur Kristjánsson
í jólaskapi með gítarinn

Bókið tímanlega í síma
552 3030

RESTAURANT REYKJAVÍK
Tel +354 552 3030
restaurant@restaurantreykjavik.is
www.restaurantreykjavik.is
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík

ORÐ HAFA ÁHRIF

Möntru armböndin.
Þau einu sönnu.
Sígild í einstökum gjafaumbúðum.
Silfur, gull, rósagull.
Eingöngu í Systrasamlaginu.

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Netverslun:
systrasamlagid.is

Rennie

20% afsláttur í desember

Reykjavíkur Apótek

Rennie 680 mg/80 mg tuggutöflur draga úr óþægindum eins og brjóstsviða og bakflæði, ásamt sýrutengdum magaverkjum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Bayer AB. BAY181201 - desember 2018.

Jólaspil FJÖLSKYLDUNNAR FÆRÐU Í SPILAVINUM

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni)
www.spilavinir.is



Marshallhúsið á Grandagarði þar sem Nýlistasafnið er til húsa.

Laumulistasamsteypan með sýningu í Nýlistasafninu

Nú stendur yfir sýningin Kaffipása í Nýlistasafninu á Grandagarði. Að sýningunni stendur Laumulistasamsteypan en það er hópur listamanna sem dvelja árlega og tímabundið saman í Hrísey á Eyjafirði. Hún sumarbúðir fyrir friðlausa listamenn eins og þeir sem að henni standa kalla sig.

"Ásgerður Birna Björnsdóttir og Helena Aðalsteinsdóttir stofnuðu Laumulistasamsteypuna árið 2014 en hún er síbreytileg amaba þar sem lögun hennar ræðst af þörfum hópsins og skipuleggjenda. Stundum teygir samsteypan anga sína út fyrir landsteinana en á öðrum tímum skreppur hún aftur saman í kjarnastærð," segir í frétopnunartímumasafninu. Á opnunartímum safnsins býðst gestum og gangandi að staldra við, í lengri eða styttri tíma, og taka sér pásu ásamt Kaffipásasamsteypunnar. Kaffipása Laumulistasamsteypunnar stendur til 2. desember.

Njótum aðventunnar með fallegum blómum

Mikið úrval af afskornum blómum, nú er hægt að gleðja með gjafakorti og blómaáskrift frá Blómagallerí.

BLÓMAGALLERÍ

Hagamel 67 - S: 552 6070

Opið: Mánud. – föstud. kl. 9 - 19
Laugard. og sunnud. kl. 10 - 19

Fjölbreytt í Dómkirkjunni á aðventunni

Fjölbreytt starf er í Dómkirkjunni í aðdraganda jóla. Guðsþjónustur eru alla sunnudaga, bænastundir í hádeginu á þriðjudögum, örpílagrímagöngur eru frá kirkjunni á miðvikudögum og á fimmtudögum er sunginn tíðasöngur sem ómað hefur í klaustrum og kirkjum kristinna manna frá öndverðu.

Þá eru ýmsar athafnir, viðburðir og tónleikar í kirkjunni. Að vanda heldur Dómkórinn jólatónleika að kvöldi 19. Mozart við kertaljós eru árvissir tónleikar skömmu fyrir jól og Ólafur Elíasson leikur Bach á ljúfum tónleikum á þriðjudagskvöldum. Um hátíðirnar verður fjölbreytt helgihald að vanda og má nálgast nánari upplýsingar á fésbókinni og á domkirkjan.is. Samverunnar í kirkjunni næra sál og anda og miðla boðskapnum um ljósið sem skín í myrkrinu og gefur von um blessun og gott líf, segir í fréttatilkynningu frá Dómkirkjunni.

Salvör Nordal með dómkirkjuprestunum, en Salvör flutti fallega hugvekju á aðventukvöldi.

Jól í Neskirkju

Aðfangadagur, 24. desember
Jólastund barnanna kl. 16
Helgistund fyrir börn og fjölskyldur þeirra meðan beðið er eftir jólunum. Barnakórar kirkjunnar syngja undir stjórn Þórdísar Sævarsdóttur. Viðstöddum býðst að taka þátt í að leika jólasöguna og við lifum okkur inn í gleði og hátíð jólanna. Steingrímur Þórhallsson leikur undir söng, Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt Rúnari Reynissyni og starfsfólki barnastarfsins.

Aftansöngur kl. 18
Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar verður flutt. Fjölnir Ólafsson syngur einsöng. Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir sem predikar.

Söngvar á jólanótt kl. 23.30
Sungnir verða jólasálmar og vonartextar Biblíunar lesnir. Háskólakórinn syngur og leiðir söng undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Sr. Skúli S. Ólafsson leiðir stundina. Þessi samvera færir okkur kyrrð og helgi eftir gleði og glaum kvöldsins.

Jóladagur, 25. desember
Hátíðarmessa kl. 14
Kór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestar eru sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. Skúli S. Ólafsson sem predikar.

Annar í jólum, 26. desember
Fjölskyldustund og jólaball sunnudagaskólans kl. 11
Helgistund í kirkjunni fyrir alla fjölskylduna. Að henni lokinni hefst jólaball sunnudagaskólans þar sem gengið verður kringum jólatréð og sungið dátt. Góðir gestir kíkja við, gefa börnum jólaglaðning og skemmta ungum sem öldnum. Umsjá hafa prestar og starfsfólk barnastarfsins.

Sunnudagurinn 30. desember
Messa og barnastarf kl. 11
Í messunni verður fylgt einföldu pílagrímshelgihaldi sem byggir á íhugun 23. sálms Davíðs, Drottinn er minn hirðir, um leið og við íhugum liðið ár og horfum fram til þess næsta. Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Við orgelið er Steingrímur Þórhallson. Barnastarfið er í umsjá Katrínar Helgu Ágústsdóttur og Ara Agnarssonar. Að venju verður hressing á kirkjutorginu eftir helgihaldið.

Gamlárskvöld, 31. desember
Aftansöngur kl. 18
Félagar úr kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Nýársdagur, 1. janúar
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14
Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

KAUPTHINKING EFTIR ÞÓRÐ SNÆ JÚLÍUSSON

„ÞESSI BÓK ER ÞJÓÐÞRIFAVERK“

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

„LOKSINS, LOKSINS!“

BENEDIKT JÓHANNESSON BJZ.IS

„STÓRMERKILEG.“

VILHJÁLMUR BJARNASON

„BÓK ÞÓRÐAR SNÆS ER EINSTÖK.“

STYRMIR GUNNARSSON

„Þórður Snær rekur hér snilldarlega sögu Kaupþings, sem í reynd er saga umfangsmestu efnahagsbrota Íslandssögunnar.“

Guðrún Johnsen, hagfræðingur

VERÖLD

BJARTUR-VEROLD.IS

Melaskóli með nýja heimasíðu

Melaskóli. Eftir bílunum að dæma gæti myndin verið tekið á sjötta áratug liðinnar aldar. Fánar Norðurlandanna blakta við hún.

Melaskóli hefur opnað nýja heimasíðu. Í frétt á heimasíðu skólans segir að vonandi hafi vel tekist til og síðan muni gagnast nemendum, aðstandendum, starfsfólki og öllum öðrum vel.

Notendur eru jafnframt beðnir að hika ekki við að hafa samband verði þeir varir við hnökra eða vilja koma með góðar ábendingar. Gamla síðan verður aðgengileg enn um sinn en þó aðeins tímabundið.

Jólahugleiðing

- eftir Elínborgu Sturludóttur dómkirkjuprest

Nú er aðventan gengin í garð með öllum sínum undursamlegu ljósum og tónum og önnum. Fólk er á ferð og flugi í ýmsum erindagjörðum. Það er ekki laust við að mörgum þyki aðventan ofhlaðin á köflum, þótt þessari tíð fylgi endurvænting og tilhlökkun, ekki síst meðal barnanna.

Víðast hvar eru smákökur, konfekt og annað góðgæti borið á borð á aðventunni en boðskapur jólaföstunnar í kristinni arfleifð er hins vegar hófsemi og nægjusemi, sá boðskapur sem kallast raunar á við þau skilaboð sem berast okkur nú frá Póllandi þar sem leiðtogar heimsins eru samankomnir til að ræða loftslagsmál. Einfalt og hófstillt líf, nýtni og virðing fyrir verðmætum eru þau gömlu og góðu gildi sem aðventan boðar og rímar raunar við það sem Vesturlandabúar verða í ríkari mæli að temja sér.

Já, jólafastan boðar endurnýjun hugarfarsins áður en hátíðin sjálf gengur í garð, enda er litur aðventunnar fjólublár, sem er litur iðrunar og yfirbótar. Það þarf mikið hugrekki til að líta í eigin barm en föstutími kirkjuársins hvetur okkur til að sýna það hugrekki að þora að ganga í okkur og endurskoða stefnu okkar og sýn. Aftur og aftur hefur það komið í ljós í samfélagi okkar hversu mikilvægt það er að vera fær um að iðrast og sýna það í verki. Það er margt í okkar samtíma sem er að breytast, viðhorf breytast, sem og hefðir og viðmið, en það eru líka til eilíf sannindi sem standast tímans tönn. Þar er lífsviska sem styður okkur til að lifa góðu lífi. Sú lífsviska gefur okkur von um innihaldsríkt líf. Jólaundirbúningur flestra miðar að því að skapa gleðirík og friðsæl jól.

Elínborg Sturludóttir.

Í neyslusamfélagi okkar tíma er freistandi að rugla saman gleðiríkum jólum við ofgnóttarjól. Sannleikurinn er nefnilega sá að við getum átt gleðirík jól þótt þau séu hófstillt. Þetta sjáum við glöggt ef við horfum í átt til barnsins í jötunni og foreldranna ungu sem lentu á hrakningum með barnið nýfædda. Sú saga hjálpar okkur til að sjá í gegnum allt glys og glimmer jólanna. Andinn sem berst okkur frá gripahúsinu hjálpar okkur til að forgangsraða í lífinu. Jólin hjálpa okkur til að setja það á oddinn sem mestu skiptir. Jólin kalla okkur til að sýna kærleika, miskunnsemi og hlýju. Ég hygg að þegar allt kemur til alls þá viljum við byggja samfélag sem einkennist af slíkum dygðum.

Gleðileg jól!

ORÐ HAFA ÁHRIF

Möntru armböndin.
Þau einu sönnu.
Sígild í einstökum gjafaumbúðum.
Silfur, gull, rósagull.
Eingöngu í Systrasamlaginu.

Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
Netverslun: systrasamlagid.is

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Iris og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Bergsteinar legsteinagerð
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhvefisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is

CABAS verkstæði · TM · SJÓVÁ · VÍS · Vörður · Þegar kemur að vandaðri vinnu

zonnic®

ÁN TÓBAKS
MEÐ NIKÓTÍNI

Zonnic Mint munnholsduft í posa og Zonnic Pepparmint munnholsúði innihalda nicotin. Lyfin eru ætluð til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

KR Bosemeistarar

KR hafði betur gegn Breiðabliki í úrslitaleik Bose-mótsins í fótbolta sem fór fram á laugardagsmorgun en vítaspyrnukeppni þurfti til að útkljá leikinn. Breiðablik komst fyrst yfir 1-0 með marki Arons Bjarnasonar skömmu fyrir hálfleik. Willum Þór Willumsson tvöfaldaði svo forystu Blika með skallamarki á 50. mínútu.

KR-ingar gáfust þó ekki upp og Húsvíkingurinn Aron Bjarki Jósepsson minnkaði muninn með marki beint úr aukaspyrnu á 75. mínútu. Fjórum mínútum síðar jafnaði Pálmi Rafn Pálmason svo leikinn fyrir KR og lauk leiknum með 2-2 jafntefli. Grípa þurfti því til vítaspyrnukeppni. Liðin skoruðu bæði úr fyrstu sjö spyrnum sínum og klúðruðu bæði þeirri áttundu. Ástbjörn Þórðarson skoraði úr níundu spyrnu KR en Benedikt V. Waren misnotaði vítaspyrnu Breiðabliks. Sigur KR var því vís og vann liðið Bose-mótið árið 2018.

KR fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Á myndinni er Þráinn Hafsteinsson lengst til hægri, Gylfi Dalmann við hlið hans og svo fulltrúar deildanna níu.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ fyrir allar deildir félagsins sem eru virkar og með viðurkennda íþróttagrein miðvikudaginn 24. október síðastliðinn.

Það var Þráinn Hafsteinsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og jafnframt formaður Þróunar- og fræðslusviðs sem afhenti viðurkenningarnar til fulltrúa deildanna níu auk viðurkenningar til aðalstjórnar sem Gylfi Dalmann Aðalsteinsson tók við.

Góður sigur á Breiðablik í 10. flokki stúlkna

Stelpurnar í 10. flokki KR stúlkna léku í sameiginlegu liði með Fjölni í Smáranum um helgina og sigruðu 23-47.

KR stelpurnar stóðu sig vel og náði góðum sigri á Breiðablik sem er fjórði sigur stelpnanna í vetur. Dömurnar léku síðan í bikarnum gegn Grindavík í DHL-Höllinni 10. desember.

KR/Fjölnir eftir sigurinn á Breiðablik í Smáranum.

1X2

GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Þú færð KR-vörurnar hjá okkur!

Óskum KR-ingum og öllum Vesturbæingum gleðilegra jóla.

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560

Hátíðarmessur og tónleikar í Dómkirkjunni

DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Dómkirkjan óskar sóknarbörnum sínum og landsmönnum öllum gleðiríkra jóla og Guðs blessunar á nýju ári, með þakklæti fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Þriðja sunnudag í aðventu, 16. desember
Messa kl. 11.00
Séra Elínborg Sturludóttir.

Norsk messa kl. 14.00
Sr. Þorvaldur Víðisson.

Æðruleysismessa kl. 20.00
Séra Fritz Már Jörgensson, séra Díana Ósk Óskarsdóttir og séra Elínborg Sturludóttir.
Kristján Hrannar Pálsson leikur á flygilinn.

20. desember
Jólamessa Menntaskólans í Reykjavík kl. 14.00

Fjórða sunnudag í aðventu, 23. desember
Messa kl. 11.00
Séra Sveinn Valgeirsson.

Aðfangadagur jóla, 24. desember
Dönsk messa kl. 15.00.
Séra Ragnheiður Jónsdóttir, Bergþór Pálsson syngur.

Aftansöngur kl. 18.00
Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.

Miðnæturguðþjónusta kl. 23.30.
Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar í Dómkirkjunni. Guðsþjónustan á sér fyrirmynd í guðsþjónustu sem fram hefur farið í Kings College í Cambridge á Bretlandi óslitið frá 1918 og hefur þessari guðsþjónustu verið útvarpað á BBC frá 1928. Í níu stuttum ritningarlestrum úr 1. Mósebók, spámannaritunum og guðspjöllunum, er rakin saga mannkyns allt frá syndafallinu, lesin fyrirheitin um Messías og sögð sagan af fæðingu Jesú. Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma.

Jóladagur 25.desember
Hátíðarmessa kl. 11.00
Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og sr. Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.

Annar dagur jóla 26. desember
Messa kl. 11:00
Sr. Sveinn Valgeirsson.

Sunnudagur milli jóla og nýárs, 30. desember
Messa kl. 11.00
Sr. Elínborg Sturludóttir.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18.00
Sr. Sveinn Valgeirsson prédikar og sr. Elínborg Sturludóttir þjónar fyrir altari.

Nýársdagur 1.janúar
Hátíðarmessa kl. 11.00
Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari.

Dómkórinn syngur og Kári Þormar, dómorganisti leikur á orgelið við guðþjónusturnar.

Minnum á jólatónleika Dómkórsins 19. desember kl. 22.00 og 22. desember
Mozart við kertaljós kl. 21.00

Bach tónleikar Ólafs Elíassonar á þriðjudagskvöldum kl. 20.30-21.00

Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.

KR Flugeldar

FLUGELDASALA Í KR HEIMILINU

Opið 28,29 og 30.des
til kl. 22.00
Á gamlársdag er
opið til kl. 16.00

FRÁBÆRAR JÓLAGJAFIR

frá Eins og fætur toga

Gjafakort Eins og fætur toga

Frábær jólagjöf!

Frábært jólaverð 69.990 kr.

Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa.
Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.

Frábært jólaverð 24.990 kr.

Hypershere

- Nuddkúla með 3 stillingar á víbring sem veitir nákvæma og djúpa bandvefslosun
- Fer dýpra inn í vöðvann
- Eykur blóðflæði
- Endurhlaðanleg Lithium-Ion rafhlaða

Frábært jólaverð 29.990 kr.

Vyper

- Þrjár stillingar á víbring.
- Fer lengra inn í vöðvann og fer betur með hann en venjuleg rúlla.
- Vyperinn er miklu fljótari að vinna en venjuleg foamrúlla.
- Hefur fengið mikla umfjöllun, fjölda verðlauna og viðurkenninga.

feetures®

Frábært jólaverð 1.990 - 6.990 kr.

Feetures sokkar

- Feetures eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Feetures eru með „heel lock" og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

Frábært jólaverð 3.990 kr.*

Icespike hálkuskrúfur

Skrúfugaddar sem eru settir undir hlaupaskó, vinnuskó og aðra skó sem nota á í hálku.

- Endast yfir 800 kílómetra eða lengur en nokkur önnur hálkuvörn
- Frábærir undir vöðlur og vinnuskó
- Skemma ekki skóna, ekkert mál að skrúfa úr

* Verð kr. 3.990 ef við setjum undir skóna, kr. 4.990 með skrúfjárni og auka skrúfum

OOFOS®

Frábært jólaverð 7.990 kr.

Ofoos sandalar

Ofoos sandalinn er hannaður fyrir betri endurheimt eftir erfiði. Loksins komin dúnamjúkur sandali sem er góður fyrir fæturnar og á góðu verði.

- 37% meiri höggdempun en venjulegir foam skór
- Ofoom ýtir hógginu við niðurstig út til hliðanna
- Minnkar álag á sárar fætur, hné og bak
- Lokaðar foam sellur loka á táfýlu
- Má þvo í þvottavél og fljóta í vatni
- Bakteríufráhrindandi fótbeð

BROOKS

Skór ársins!

Brooks skór 17.990 - 24.990 kr.

Ghost er söluhæsti einstaki skórinn í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenline söluhæsti stöðugi skorinn 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!

EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100